



Fjallabyggð




Starfsmannastefna Fjallabyggðar

Fagmennska - virðing - metnaður - samvinna



Fjallabyggð





Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leiðarljós	3
Framtíðarsýn	3
Markmið og leiðir	4
Mönnun starfa	4
Fagmennska	5
Aðbúnaður og umhverfi	6
Starfskjör	7
Jafnrétti	8
Starfsþróun og þekkingaröflun	8
Stjórnun	9
Samskipti	11
Samstarf	12
Fjölskylda og einkalíf	12
Réttindi og skyldur starfsmanna	14
Þátttaka í stjórn mála- og félagsstarfi	14
Starfslok	15

Inngangur

Starfsemi Fjallabyggðar byggist á hæfni, þekkingu og reynslu starfsmanna sveitarfélagsins. Líðan starfsmanna á vinnustað er lykillinn að áhuga þeirra á starfi sínu, metnaði þeirra til að inna það vel af hendi og tryggð þeirra við Fjallabyggð sem vinnustað. Ánægðir starfsmenn veita betri þjónustu, afkasta meiru og skila betri verkum en þeir sem eru óánægðir.

Starfsmannastefna Fjallabyggðar er liður í viðleitni bæjarstjórnar Fjallabyggðar til að innleiða stefnumiðaða stjórnun í sveitarfélaginu og auka þannig skilvirkni og samfellu í ákvarðanatöku. Henni er ætlað að leiðbeina stjórnendum, starfsmönnum og kjörnum fulltrúum við á kvarðanatöku og stuðla að faglegri, skilvirkri en umfram allt mannvænni starfsmannastjórnun.

Stefnan er unnin sem samstarfsverkefni starfsmanna Fjallabyggðar og kjörinna fulltrúa. Haldinn var fundur með fulltrúum starfsmanna þar sem leitað var eftir sjónarmiðum þeirra um einkenni Fjallabyggðar sem vinnustaðar og að hverju skyldi stefnt. Niðurstöður fundarins liggja til grundvallar því sem hér fer á eftir. Drög að stefnunni voru lögð fyrir sameiningarnefnd sem í sátu tveir fulltrúar frá hverjum þeirra framboðslista sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn Fjallabyggðar á kjörtímabilinu 2006-2010. Á fundi nefndarinnar voru efnistöð og áherslur í stefnunni löguð að áherslum nefndarmanna. Stefnan var því næst lögð fyrir bæjarstjórn til frekari umræðu og að endingu lögð fyrir bæjarstjórn Fjallabyggðar á 36. fundi hennar þann 17. mars 2009 og samþykkt samhljóða.

Leiðarljós

Fagmennska – virðing – metnaður – samvinna.

Framtíðarsýn


Í Fjallabyggð er valinn maður í hverju rúmi og fagmennska og skilvirkni sitja í fyrir-rúmi. Fjallabyggð er til fyrirmyndar öðrum vinnustöðum varðandi aðbúnað starfsmanna sinna á vinnustað og starfsumhverfi. Fjallabyggð býður starfsmönnum sínum upp á hvetjandi starfsumhverfi, jafnrétti og jafnræði meðal starfsmanna, opin og hreinskiptin samskipti og gott samspil vinnu og einkalífs. Starfsmenn eru samhentir og sinna störfum sínum af áhuga, fagmennsku og metnaði. Starfsmannavelta er lítil og starfsánægja mikil.

Markmið og leiðir

Mönnun starfa

Í Fjallabyggð skal unnið að því að í öllum stöðum sé hæft og áhugasamt starfsfólk sem býr yfir góðri þekkingu á starfssviði sínu, reynslu og metnaði. Góður aðbúnaður og almenn starfsánægja eiga að gera Fjallabyggð að eftirsóknarverðum vinnustað fyrir gott starfsfólk og lögð er áhersla á að halda í góða starfsmenn svo að reynslu þeirra og þekkingar njóti við í starfseminni.


- Þegar ráða á fólk í fastar stöður skulu þær auglýstar á opinberum vettvangi með áberandi hætti í miðlum með mikla dreifingu. Afleysingastörf og önnur störf, sem ráðið er í til skamms tíma, skulu að lágmarki auglýst á heimasíðu Fjallabyggðar. Þegar um skammtímaráðningar er að ræða er þó heimilt að ráða starfsmann sem áður hefur sinnt sama starfi, án þess að starfið sé auglýst.
- Ráðningarferli Fjallabyggðar skal vera vel skilgreint og því skal fylgt í hvívetna við ráðningar. Starfslýsing skal ávallt liggja fyrir þegar starf er auglýst, sem og upplýsingar um starfskjör svo að hægt sé að svara spurningum áhugasamra um þessa þætti umsvifalaust.
- Ráðningar skulu byggðar á faglegu mati á hæfni og reynslu umsækjenda. Þeir sem að ráðningum standa skulu gæta hlutleysis í hvívetna og forðast að láta skyldleika, vensl, venskap eða stjórnmalaskoðanir hafa áhrif á ákvörðun sína.
- Gerðir skulu ráðningarsamningar við alla starfsmenn þar sem fram koma starfshlutfall, starfssvið, vinnutími og grunnlaunakjör. Sé samið um yfirvinnu, hlunnindi og þess háttar skal gerður viðauki við ráðningarsamning.
- Stefna Fjallabyggðar, starfsemi sveitarfélagsins og starfsreglur skulu kynntar starfsmönnum í upphafi starfstíma. Þekkingu starfsmanna á þessum þáttum skal haldið við og hún aukin með markvissum hætti á meðan viðkomandi starfar hjá Fjallabyggð.
- Aðstæður og aðbúnaður starfsmanna skulu vera til fyrirmyndar, þannig að orðspor sveitarfélagsins sem vinnustaðar geti verið því til framdráttar í samkeppni um hæft starfsfólk.
- Haft skal samstarf við aðra atvinnurekendur í sveitarfélaginu um auglýsingu á lausum stöðum til að auðvelda mökum væntanlegra starfsmanna að átta sig á atvinnumöguleikum í Fjallabyggð.



Fagmennska

Fagmennska á að vera í fyrirrúmi á öllum sviðum starfsemi sveitarfélagsins. Starfsmenn skulu ráðnir á faglegum forsendum og stöðugt aukið við faglega þekkingu þeirra með markvissri fræðslu. Starfsmenn og kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að afgreiðsla mála og sú þjónusta sem veitt er, séu í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins og samræmi sé milli afgreiðslu sambærilegra erinda. Starfsmenn skulu gæta trúnaðar við skjólstæðinga sveitarfélagsins og viðskipta-aðila í hvívetna.

- Starfsmenn og kjörnir fulltrúar skulu sinna störfum sínum af heiðarleika, trúmennsku og vandvirkni og gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir Fjallabyggð.
- Starfsmenn skulu hljóta starfsþjálfun þegar þeir hefja störf þar sem þeim er kynnt starfssvið þeirra, kröfur til starfsmanna, reglur og vinnuferli.
- Starfsmenn stjórnsýslunnar, forstöðumenn og aðrir sem taka ákvarðanir um réttindi eða skyldur íbúa sveitarfélagsins skulu fá kennslu í formreglum stjórnsýslunnar, góðri stjórnsýslu og vinnuferlum sem byggjast á þeim. Þeir skulu vera öðrum starfsmönnum til leiðbeiningar og ráðgjafar um þessa þætti.
- Starfsmenn skulu njóta viðurkenningar fyrir vel unnin störf. Ófagleg og ámælisverð vinnubrögð skulu ekki liðin.
- Vinnuferli í starfsemi Fjallabyggðar skulu greind og skráð. Vinnuferli skulu yfirfarin með reglulegu millibili með tilliti til aukinnar skilvirkni og hnökrar, sem uppgötvast, skulu sniðnir af jafnóðum. Starfsmenn, sem að vinnuferli koma, skulu vera virkir þátttakendur í mótun þess.
- Stjórnendur skulu stuðla að fagmennsku og árangri starfsmanna með hvatningu, aðstoð, fræðslu og leiðbeiningum. Sé fagmennsku starfsmanns ábótavant og þessar aðferðir duga ekki til skal stjórnandi beita þeim ráðum sem hann hefur samkvæmt kjarasamningum til að glíma við vandann.



Aðbúnaður og umhverfi

Starfsmenn Fjallabyggðar eiga að búa við gott, heilnæmt og öruggt starfsumhverfi. Aðbúnaður starfsmanna á vinnustað á að vera til fyrirmyndar og starfsaðstaða skal taka mið af líkamlegum þörfum hvers og eins. Starfsmenn eiga að hafa áhrif á umhverfi sitt og aðgang að tækjum og búnaði sem þeim er nauðsynlegur til að sinna störfum sínum á öruggan hátt.

- Veita skal fjármagni til að bæta starfsaðstöðu þar sem henni er ábótavant og gera áætlun um framkvæmdir. Gert skal ráð fyrir eðlilegu viðhaldi starfsaðstöðu og húsnæðis og endurnýjun tækja og búnaðar við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.
- Reglulega skal fá fagmenn til að gera úttektir á vinnuaðstöðu og aðbúnaði starfsmanna með tilliti til líkamsbeitingar og forvarna. Stjórnendur og starfsmenn skulu kappkosta að verða við tilmælum þeirra um úrbætur.
- Starfsmenn skulu hafðir með í ráðum við ákvarðanir sem hafa áhrif á vinnuumhverfi þeirra. Stjórnendur skulu halda reglulega fundi með undirmönnum sínum til að ræða aðbúnað og öryggismál og vera fulltrúar undirmanna sinna í baráttu fyrir bættu starfsumhverfi ef þörf krefur.
- Starfsmenn skulu hvattir til að vera meðvitaðir um starfsumhverfi sitt og aðstöðu, sem og aðstöðu samstarfsmanna sinna, og vekja athygli yfirmanna sinna á möguleikum til úrbóta.
- Starfsmenn skulu fá leiðbeiningar og kennslu í rétttri notkun búnaðar sem þeim er látinn í té til að koma í veg fyrir óþarft líkamlegt álag með réttum vinnustillingum. Starfsmenn skulu einnig fá leiðbeiningar og kennslu í daglegu viðhaldi búnaðar til að tryggja eðlilega endingu hans.
- Starfsmenn skulu ganga vel um starfsumhverfi sitt og búnað sem þeim er lagður til á vinnustaðnum.

Starfskjör

Kjör starfsmanna Fjallabyggðar skulu vera sanngjörð og samkeppnishæf við kjör á sambærilegum vinnustöðum. Launakjör skulu ákvörðuð á gagnsæjan og sanngjarnan hátt og taka mið af menntun, starfsreynslu, álagi og ábyrgð. Gæta skal jafnréttis og jafnræðis í ákvörðun einstaklingsbundinna kjarabátta.

- Fjallabyggð tekur þátt í samstarfi sveitarfélaga um gerð samninga um kaup og kjör. Fjallabyggð beitir sér fyrir því að sanngirni og jafnrétti liggja til grundvallar samningsmarkmiðum launanefndar sveitarfélaganna.
- Kjarasamningar skulu liggja til grundvallar öllum ákvörðunum um starfskjör. Við ákvörðun kjara skulu stjórnendur gæta jafnréttis þannig að sambærileg störf veiti sambærileg kjör. Nota skal starfsmat Launanefndar sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og viðsemjenda þeirra við ákvörðun kjara þar sem það er mögulegt.
- Haft skal samráð og samstarf við stéttarfélög um ákvörðun launa nýrra starfsmanna.
- Við ákvörðun starfskjara skulu kjör annarra starfsmanna í sambærilegum stöðum höfð til hliðsjónar. Sé ákveðið að starfsmaður skuli fá betri kjör en áður hafa verið ákvörðuð skulu þau samræmd. Þó er heimilt að umbuna starfsmanni í samræmi við ákvæði kjarasamninga hafi hann skarað fram úr á viðurkenndan hátt.
- Vinnutími, verkefni og ábyrgð starfsmanna skal að jafnaði vera í samræmi við ákvæði ráðningarsamninga.

Jafnrétti

Jafnrétti skal haft að leiðarljósi í starfsemi Fjallabyggðar og starfsmenn skulu hafa jöfn tækifæri á vinnustaðnum. Starfsmenn í sambærilegum stöðum skulu njóta sömu réttinda, sömu hlunninda, sama svigrúms varðandi vinnutíma og hlíta sömu reglum. Kynbundnu misrétti skal útrýmt með skipulegum hætti.

- Þegar ráðið er í störf eða verkefnum úthlutað skal þess gætt að einstaklingum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, þjóðfélagsstöðu, ætternis eða stöðu að öðru leyti.
- Í auglýsingum skulu störf vera ókyngreind nema um sé að ræða störf sem aðeins annað kynjanna getur sinnt, svo sem baðvarsla.
- Gerð skal úttekt á kynbundnum launamun og hún endurtekin með reglulegu millibili. Leitað skal leiða til að jafna launamun. Niðurstöður og áætlanir um úrbætur skulu kynntar starfsmönnum.
- Gerð skal jafnréttisáætlun fyrir Fjallabyggð þar sem sett eru markmið um markvissa jöfnun á stöðu kynjanna.
- Myndir eða munir, sem sært geta blygðunarkennd og ýtt undir kynjamisrétti, skulu ekki vera á starfsstöðvum á vegum Fjallabyggðar.
- Hart skal tekið á kynferðislegu áreiti á vinnustöðum Fjallabyggðar.

Starfsþróun og þekkingaröflun

Starfsþróun er samstarfsverkefni starfsmanna og stjórnenda. Starfsmönnum skal gefinn kostur á símenntun sem viðheldur þekkingu þeirra og eflir þá í starfi. Fjallabyggð gerir þá kröfu að starfsmenn nýti sér tækifæri til að auka við þekkingu sína og fylgjast með nýjungum og breytingum sem varða starfssvið þeirra.

- Starfsmaður og stjórnandi skulu í sameiningu gera áætlanir um endurmenntun starfsmannsins sem byggðar skulu á mati á þörf hvers og eins fyrir þekkingaröflun.
- Reglur um endurmenntun og heimildir til ráðstöfunar fjármagns til endurmenntunar skulu skýrðar og kynntar starfsmönnum og stjórnendum.
- Starfsmenn skulu hafa möguleika á starfsframa hjá Fjallabyggð í samræmi við metnað og kunnáttu hvers og eins. Menntun og fræðsla skulu miðast við að auka líkur þeirra á að fá stöður sem losna í stjórnkerfinu.

- Fjallabyggð veitir starfsmönnum, sem vilja afla sér réttinda eða framhaldsmenntunar sem gagnast þeim í starfi, stuðning og svigrúm til þess að sinna námi með vinnu. Reglur um slíkan stuðning eiga að tryggja jafnræði milli starfsmanna og að tillit sé tekið til aðstæðna á vinnustaðnum.
- Reglulega skulu haldin námskeið sem geta gagnast öllum eða mörgum starfsmönnum sveitarfélagsins, svo sem almenn tölunámskeið, öryggisnámskeið, skyndihjálparnámskeið, þjónustunámskeið og námskeið í reglum stjórnsýslunnar.
- Öllum starfsmönnum skal gefinn kostur á þátttöku í almennum námskeiðum. Starfsmönnum skal gefinn kostur á skipulegri kennslu, handleiðslu og/eða stuðningi við yfirtöku nýrra verkefna.

Stjórnun

Stjórnun í Fjallabyggð skal byggjast á skýrri stefnu og sameiginlegum skilningi á markmiðum með starfsemi sveitarfélagsins og starfsháttum. Gagnkvæmur skilningur skal ríkja milli kjörinna fulltrúa, stjórnenda og annarra starfsmanna á þeim væntingum sem gerðar eru til starfsmanna og reglum sem þeim eru settar. Stjórnendur skulu tileinka sér áhrifaríka og nútímalega stjórnunarhætti og koma fram við undirmenn sína af virðingu, heiðarleika og hreinskilni. Stjórnendur skulu vera öðrum starfsmönnum fyrirmyndir á vinnustað og sinna vinnu sinni af dugnaði, metnaði og samviskusemi. Upplýsingar um athafnir og ákvarðanir skulu flæða hindrunarlaust milli aðila til að stuðla að skilvirkni og koma í veg fyrir tvíverknað.

- Bæjarstjórn Fjallabyggðar skal marka skýra stefnu um starfsemi sveitarfélagsins í hverjum málaflökki. Stefna sveitarfélagsins á hverju sviði skal vera leiðbeinandi um alla ákvarðanatöku.
- Stefnumiðuð stjórnun skal innleidd í Fjallabyggð til að kjörnir fulltrúar, starfsmenn og stjórnendur geti verið meðvitaðir um að hverju skuli stefnt í starfsemi. Árangur í að framfylgja stefnu sveitarfélagsins skal mældur og kynntur starfsmönnum, þeim til leiðbeiningar og upplýsingar.
- Verkaskipting, ábyrgðarmörk, valdmörk og boðleiðir í starfsemi Fjallabyggðar skulu vera skýr og kunn öllum sem málin varða. Skýrar og einfaldar reglur eiga að gilda um samskipti milli starfsmanna.



- Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins og athafnir starfsmanna. Reglur sveitarfélagsins skulu markvisst kynntar starfsmönnum og öðrum sem hlut eiga að máli.
- Stjórnendur Fjallabyggðar skulu tileinka sér góða og áhrifaríka stjórnunarhætti sem byggjast á gagnkvæmu trausti og virðingu starfsmanna og stjórnenda og þekkingu á hlutverkum hvers og eins.
- Starfsmenn skulu hafa áhrif á ákvarðanir sem varða þá eða starfssvið þeirra og bera ábyrgð í samræmi við kunnáttu og metnað hvers og eins. Stjórnendur skulu leitast við að dreifa ábyrgð til undirmanna.
- Stjórnendur skulu gæta jafnræðis við úthlutun verkefna og leitast við að deila álagi og ábyrgð jafnt á meðal undirmanna sinna.
- Stjórnendur skulu hvetja starfsmenn til að gera vel og hrósa þeim fyrir vel unnin störf og verkefni. Að sama skapi skulu stjórnendur leiðbeina starfsmönnum um það sem betur má fara.
- Stjórnendur skulu kappkosta að vera uppbyggilegir í gagnrýni sinni á störf undirmanna.
- Viðurkenndar aðferðir skulu notaðar við stjórnun stærri verkefna. Sett skulu markmið, árangursviðmið og tímamörk fyrir slík verkefni og gerð kostnaðaráætlun. Stjórnendur skulu fá tækifæri til þess að tileinka sér aðferðir við verkefnastjórnun.
- Stjórnendur skulu vera sýnilegir í starfseminni, taka á vandamálum sem upp koma og veita undirmönnum sínum stuðning og aðstoð við úrlausn erfiðra mála.
- Ef starfsmaður sinnir ekki skyldum sínum eins og til er ætlast skal stjórnandi taka á málum hans og átella slæg vinnubrögð eða vanrækslu. Dugi samtöl og uppbyggilegar ábendingar ekki til þess að starfsmaðurinn breyti hegðun sinni skal stjórnandi beita þeim úrræðum sem hann hefur samkvæmt kjarasamningnum til að áminna starfsmann og segja honum upp ef þörf krefur.

Samskipti

Samskipti þeirra sem starfa fyrir sveitarfélagið skulu vera heiðarleg, opin og hreinskiptin. Þau skulu vera á kurteislegum, jákvæðum og mannlegum nótum og eiga sér stað á jafnréttisgrundvelli. Starfsmenn skulu koma fram við samstarfsfólk og íbúa, sem til þeirra leita, af virðingu og umburðarlyndi. Traust og trúnaður á að ríkja milli samstarfsmanna og upplýsingaflæði á að vera eins gott og frekast er unnt.

- Tekið skal vel á móti nýjum starfsmönnum og þeir kynntir vel fyrir samverkfólki sínu. Allir starfsmenn skulu leggjast á eitt til að láta þeim líða vel á nýjum vinnustað og veita þeim stuðning sinn og aðstoð.
- Haldnir skulu reglulegir fundir starfsmanna deilda eða starfseininga þar sem rætt er um stöðu verkefna, álag á einstaka starfsmenn, verkefni fram undan og þess háttar.
- Stjórnendur skulu leitast við að efla samkennd starfsmanna og brjóta niður múra sem hindrað geta eðlileg samskipti á vinnustaðnum.
- Allir starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um líðan samstarfsmanna sinna, styðja hver annan og gera stjórnendum viðvart um vanlíðan sína eða annarra ef þess gerist þörf. Stjórnendur skulu leitast við að bregðast við tilfinningalegu álagi undirmanna sinna og laga kröfur sínar til þeirra að aðstæðum hverju sinni.
- Unnið skal gegn einelti, stríðni, söguburði og annarri hegðun sem spillt getur góðum starfsanda á vinnustaðnum.
- Starfsmannaviðtöl skulu notuð til þess að stuðla að opnum samskiptum á jafnréttisgrundvelli milli starfsmanns og stjórnanda og hvetja starfsfólk til að taka þátt í að móta eigið vinnuumhverfi og starfsþróun.
- Stjórnendur, starfsmenn og kjörnir fulltrúar skulu kappkosta að upplýsa um athafnir sínar og ákvarðanir og leggja sitt af mörkum til að skapa gott upplýsingaflæði. Jafnframt skulu aðilar leitast við að afla sér að eigin frumkvæði upplýsinga um athafnir þeirra sem sinna verkefnum á vettvangi skyldum þeirra eigin.

Samstarf

Í Fjallabyggð er stefnt að góðri samvinnu samstilltra starfsmanna. Traust og trúnaður eru grundvöllur góðs starfsanda á vinnustaðnum. Starfsmenn og kjörnir fulltrúar skulu kappkosta að eiga gott samstarf og samskipti bæði innbyrðis og við íbúa sveitarfélagsins og aðra viðskiptamenn. Starfsmenn skulu hvattir til að vinna saman að lausn verkefna.

- Stjórnendur skulu ganga á undan með góðu fordæmi og hafa starfsmenn með í ráðum við ákvarðanatöku og úrlausn verkefna. Stjórnendur skulu einnig styðja starfsmenn við úrlausn verkefna, leiðbeina þeim og veita ráðgjöf.
- Stjórnendur skulu hvetja til samstarfs um lausn verkefna með því að fela hópum verkefni. Verkefnahópum skal gefið svigrúm til að halda vinnufundi og vinna að verkefnum í sameiningu.
- Unnið skal að góðum anda á vinnustaðnum og uppbyggingu liðsheildar.
- Starfsmenn skulu hvattir til að efla góðan starfsanda og þeir verðlaunaðir sem leggja mikið af mörkum til liðsheildarinnar.

Fjölskylda og einkalíf

Starfsmönnum skulu skapaðar aðstæður til að geta búið við gott jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Vinnutími starfsmanna skal vera hóflegur og gefa svigrúm til góðra samvista við fjölskylduna. Vinnutími starfsmanna skal vera sveigjanlegur innan sanngjarnra marka og tekið skal tillit til persónulegra aðstæðna og áfalla í einkalífi. Æskilegt er að skýr skil séu milli vinnu og einkalífs.

- Stjórnendur skulu vera meðvitaðir um vinnuálag undirmanna sinna og leita leiða til að halda yfirvinnu þeirra innan skynsamlegra marka. Stjórnendur skulu leitast við að dreifa verkefnum og ábyrgð jafnt á milli starfsmanna.
- Starfsmenn skulu vekja athygli yfirmanna sinna á langvarandi óhóflegu álagi eða verkefnaskorti.
- Starfsmenn skulu leitast við að nýta vinnutíma sinn vel og skipuleggja vinnu sína þannig að hún rúmist innan þess vinnutíma og tímafjölda sem samið er um í ráðningarsamningi. Reynist þeim þetta ómögulegt skulu þeir leita aðstoðar yfirmanns við að finna lausnir.



- Starfsmenn skulu leitast við að láta einkalífið ekki trufla vinnuna óhóflega. Starfsmenn skulu hafa svigrúm til að sinna nauðsynlegum persónulegum erindum enda vinni þeir upp þann tíma sem þeir missa úr vinnu eða taki ekki laun á meðan einkaerindum er sinnt. Ef persónuleg erindi eru tímafrek skal starfsmaður taka frí frá vinnu í samráði við yfirmann til að sinna þeim. Starfsmaður skal taka tillit til aðstæðna á vinnustað við skipulagningu slíkra fjarvista.
- Samningsbundin og lögbundin réttindi til orlofs eða fjarvista, svo sem réttindi til sumarleyfa, fæðingarorlofs, foreldraorlofs og veikinda, skulu virt. Starfsmenn skulu upplýstir um orlofsrétt sinn og kappkostað að starfsmaður geti notið orlofs án truflunar frá vinnunni.
- Stjórnendur skulu sýna fjarvistum vegna veikinda barna, dauðsfalla nákominna ættingja og annarra áfalla skilning.
- Vinnutími starfsmanna skal vera sveigjanlegur þar sem því verður við komið. Í tilfellum þar sem vinnutími er óreglulegur skulu starfsmaður og stjórnandi koma sér saman um leiðir til að fylgjast með vinnustundafjölda til þess að tryggja að vinnutími sé í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings.
- Tekið skal tillit til aðstæðna og persónulegra þarfa starfsmanna eftir því sem aðstæður á vinnustað leyfa.
- Starfsmönnum skal gefinn kostur á tímabundinni lækkun starfshlutfalls eða hliðrun vinnutíma til að sinna umönnun barna eða sjúkra á heimilinu.
- Starfsmenn skulu hvattir til heilsuræktar og þátttöku í fjölskyldumiðuðu frí-stundastarfi.

Réttindi og skyldur starfsmanna

Stjórnendur og kjörnir fulltrúar skulu virða réttindi starfsmanna. Sömuleiðis skulu starfsmenn rækja skyldur sem þeir hafa gagnvart vinnuveitanda sínum. Starfsmenn skulu virða landslög, reglugerðir og samþykktir í störfum sínum.

- Stjórnendur Fjallabyggðar og fyrirtækja og stofnana á vegum sveitarfélagsins skulu kynna sér almenn réttindi starfsmanna og leita sér ráðgjafar ef upp koma réttindamál sem þeir eru í vafa um.
- Skyldur starfsmanna skulu vera skýrt skilgreindar og vel kynntar viðkomandi starfsmanni. Sett skulu sameiginleg viðmið starfsmanna og stjórnenda um það sem vafi getur leikið á og settar reglur um tímabundnar tilslakanir vegna persónulegra aðstæðna.
- Starfsmenn skulu rækja skyldur sínar af alúð og fagmennsku og í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og áherslur stjórnenda hverju sinni.
- Starfsmenn skulu kynna sér reglur sem þeim eru settar í lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélagsins. Stjórnendur skulu gefa starfsmönnum tækifæri á að sinna skyldum sínum á þessu sviði og stuðla að slíki þekkingaröflun.
- Komið skal fram við starfsmenn af virðingu og sanngirni. Sömuleiðis ber starfsmönnum skylda til að koma vel fram við þá sem þeir eiga samskipti við í starfi sínu.

Þátttaka í stjórn mála- og félagsstarfi

Starfsmönnum Fjallabyggðar skal gert kleift að taka þátt í stjórn mála- og félagsstarfi og sinna trúnaðarstörfum eftir því sem aðstæður leyfa.

- Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um svigrúm starfsmanna, sem sinna trúnaðarstörfum fyrir sveitarfélagið, til fjarvista og varðandi launagreiðslur til þess að tryggja jafnræði milli starfsmanna hvað þetta varðar. Jafnframt skal gæta jafnræðis milli kjörinna fulltrúa sem starfa hjá sveitarfélaginu og annarra kjörinna fulltrúa.
- Stjórnendur skulu taka mið af heimildum starfsmanna til að sinna trúnaðarstörfum samkvæmt reglum bæjarstjórnar við skipulagningu vinnu þeirra sem nýta sér þær. Starfsmaður skal upplýsa stjórnanda með góðum fyrirvara um fjarvistir og hafa samráð við stjórnandann um högun vinnu sinnar þannig að fjarvistir hafi sem minnst áhrif á starfsemina.

- Starfsmenn, sem sinna trúnaðarstörfum, og stjórnendur þurfa að vera meðvitaðir um þau áhrif sem stjórn málaþátttaka og fjarvistir vegna trúnaðarstarfa geta haft á álag á aðra starfsmenn og starfsanda.

Starfslok

Stefnt skal að því að starfsmannavelta hjá Fjallabyggð sé minni eða einis og minnst gerist hjá sambærilegum stofnunum. Starfslokaferlið á að einkennast af fagmennsku, sanngirni og reisn.

- Við starfslok skal farið í einu og öllu eftir ákvæðum kjarasamninga og gildandi laga. Þegar starfsmanni er sagt upp skal ákvæðum stjórnsýslulaga um stjórnsýslu ákvarðanir varðandi rannsóknarskyldu stjórnvalds, andmælarétt starfsmanns, birtingu ákvörðunar og svo framvegis fylgt í hvívetna.
- Stjórnendur skulu fá tilsögn í reglum um uppsagnir og réttindi starfsmanna.
- Stjórnendur skulu hafa bæjarstjóra með í ráðum um áminningar og uppsagnir til að tryggja að rétt sé að málum staðið.
- Ef samið er við starfsmann um styttingu uppsagnartíma skal tekið mið af aðstæðum á vinnustaðnum hverju sinni og tryggt að brotthvarf starfsmannsins valdi öðrum starfsmönnum ekki auknu álagi eða óþörfum óþægindum í starfi. Verði slíkt óhjákvæmilegt skal þeim sem fyrir óþægindum verða greiddar álagsgreiðslur eða bætt óþægindin á annan hátt.
- Fyrirhuguð starfslok skulu tilkynnt samstarfsmönnum svo fljótt sem auðið er eftir að uppsögn liggur fyrir.
- Starfsmenn skulu láta af störfum um næstu mánaðamót eftir að þeir ná 70 ára aldri án sérstakrar uppsagnar eins og kveðið er á um í kjarasamningum. Stjórnandi skal ræða við viðkomandi starfsmann að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir áætluð starfslok og ákveða í samráði við hann hvernig starfslokum skuli háttað.